

## Öyggi á bifreiðarverkstæðum

Reglugerð um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.

1. gr.

Salarkynni, þar sem fram fara viðgerðir á bifreiðum eða farandvélum, sem knúnar eru benzín- eða olíuhreyfli, svo sem skurðgröfum, dráttarvélum, krönum, jarðýtum og öðrum jarðvinnsluvélum, skulu, eftir því sem frekast verður við komið, vera í sérstökum húsum, sem ekki eru notuð til annars. Ef slík salarkynni eru þó í húsi, sem einnig er notað til annarrar starfrækslul, eða geymslurúm eru aðliggjandi, skal á fulltryggan hátt þannig frá gengið, að frá þeim geti ekki borizt gas eða eimur til aðliggjandi herbergja.

2. gr.

Gólf skulu hafa hæfilegan rennlishalla að niðurfalli skólplagnar eða safnþróar. Til þess að koma í veg fyrir hálfu á gólfum, skal þeim haldið hreinum eftir því sem föng eru á, og skal viðkomandi verkamanni skylt að hreinsa strax upp af gólfi þá að, sem hann kann að missa niður á það, svo sem olíu, feiti og annað, sem veldur óþrifnaði og dregur úr umferðaröryggi. Eftir föngum skal þess gætt, að hæfilegar gangbrautir séu milli tækja þeirra, sem til viðgerðar eru á verkstæðinu, og ekki mega verkamenn að óþörfu leggja frá sér verkfæri og vélahluta á umferðaganga. Frá stað þeim, sem verkamenn eru við vinnu, skal jafnan vera greiður gangur til aðaldyra eða varaútgöngudyra.

3. gr.

### **Lyftibúnaður eða Grivjur.**

Bílalyftur eru oft notaðar í bílaþjónustu og viðgerðarverkstæðum, það er atvinnugreinum. Lyftur ökutækja getur lyft jafnvel 3 tonnum eða meira miðað við lóð. Öryggi þessara lyftuvéla er mjög mikilvægt. Það getur valdið dauða í öllum bilunum. Af þessum sökum er mjög mikilvægt að skoða þessar lyftur reglulega.

Ef vinnugryfja er í gólfi, skal greitt frárennsli vera frá henni. Ekki má maður vera niðri í gryfjunni meðan bifreið eða öðru tæki er komið fyrir yfir henni, og ekki má staðsetja slík tæki þannig yfir gryfjunni, að uppganga úr henni torveldist. Niður í vinnugryfju skulu vera góðar tröppur og skal verkamönnum skylt að gæta þess að leggja ekki frá sér verkfæri eða annað

þannig í tröppurnar, að umferð um þær torveldist. Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hætt á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að af þeim stafi ekki hætt

4. gr.

Auk dyra þeirra, sem bifreiðum eða vélum er ætlað að fara um, skulu á hverju bifreiðaverkstæði vera að minnsta kosti einar varaútgöngudyr. Hurðir skulu opnast út, en þó má hafa rennihurðir í umferðadyrum fyrir bifreiðar, en þá skulu vera á þeim litlar dyr, nægilega stórar til þess að maður geti greiðlega farið um þær, og á þeim hurð, sem opnast út. Ef umferðadyr fyrir bifreiðar eru margar hlið við hlið, þurfa fyrrnefndar dyr til mannaumferðar ekki vera nema á þriðju hverjum bifreiðaumferðadyrum. Hurðir á varaútgöngudyrum skulu opnast út og læsing þeirra þannig fyrir komið, að þær verði auðveldlega opnaðar innan frá án sérstaks lykils.

5. gr.

Um aðbúnað verkamanna innan fyrirtækis en utan vinnusala, svo sem aðgang að matstofum, fatageymslum, snyrtiklefum og salernum, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar, sem sett verður um þessi atriði á vinnustöðum almennt.

6. gr.

Sérhver vinnusalur í bifreiðaverkstæði skal hafa sérstakan loftræstibúnað, sem fjarlægir mengað loft og flytur ferskt loft inn í staðinn. Loftræstibúnaði skal þannig komið fyrir, að óhreina loftið sé dregið út frá loftræstiopum uppi við loft og öðrum eigi ofar en 30 cm frá gólfi. Eru neðri opin sérstaklega ætluð til þess að leiða burt þungt brunagas, svo sem kolsýrling, auk ýmiss konar olíueims. Göng eða op, sem leiða inn ferskt loft, skulu þannig staðsett, að loftið dreifist sem bezt um allan salinn og ekki sitji dautt loft í hornum eða krókum. Pípur og göng til loftræstingar skulu vera nægilega

víð. Þar sem pípur greinast, skal þ að gert með aflíðandi beygjum, en varast skörp horn og króka, Deiliop skulu vera á pípum og þeim þannig fyrir komið, að bæði útrásir og innrásir komi sem jafnast um allan salinn. Ekki má nota sömu loftræstitækin til loftræstingar á bifreiðaverkstæði eða öðrum óskyldum vinnusölum. Afrás fyrir mengað loft skal leidd undir bert loft, þannig að loft frá henni geti ekki borizt til nálægra húsa eða herbergja. Ef vinnugryfja er í gólfi, skal afrás fyrir mengað loft vera niður við gólf hennar. 2 Ef hreyfill er

látinn ganga inni lengur en nauðsynlegt er við að aka inn í verkstæðið eða út úr því, eða flytja tæki til innan verkstæðisins, skal útblásturspípa hreyfilsins tengd við stút á sogrípu loftræstibúnaðar. Ræsibúnaði loftræstivéla skal þannig fyrir komið, að hægt sé að ræsa þær rétt við útgöngudyr. Loftræstitæki bifreiðaverkstæðisins skulu vera það afkastamikil, að þau geti endurnýjað loft hvers vinnusalar að minnsta kosti fjórum sinnum á klukkustund.

#### 7. gr. Lyftitæki

Öll skulu vera fulltraust og undir stöðugu eftirliti starfandi manna á verkstæðinu, sem öryggiseftirlitið samþykkir. Tækjum skal vel við haldið og þau tekin úr notkun, þegar er einhverra galla verður vart á þeim, þar til bætt hefur verið úr gallanum. Ekki má vinna undir bifreið eða vél, sem að nokkru eða öllu leyti hvílir á lyftitæki, fyrr en settir hafa verið undir hana traustir stólar, sem tryggja það, að bifreiðin eða vélin geti ekki fallið þó að lyftitæki gefi sig. Allir verkamenn eru persónulega skyldir að framfylgja ákvæðum þessum, og ber trúnaðarmanni verkamanna að vaka yfir því að svo sé gert. Undanskilin ákvæði þessu er þó vinna undir bifreiðum, sem standa á lyftum í smurningsstöðvum.

#### 8. gr.

Þurfi verkamaður að vinna sitjandi eða liggjandi undir bifreið eða vél, skal honum látinn í té pallur, fleki eða teppi til að hvíla á, til varnar raka og kulda.

#### 9. gr.

Benzín eða aðra eldfima vökva, sem notaðir eru til þvotta eða á blásturs eða lóðlampa, skal geyma í sprengitryggum brúsum. Ekki má geyma meira en dagsforða í einu á vinnustað og aldrei meira en 30 lítra. Yfirleitt skal forðast eftir megni að geyma slíka vökva inni á verkstæði. Í hverjum vinnusal skal vera járnker til þess að fleygja í olúublautum tuskum og tvisti. Eldslökkvitæki skal vera á aðgengilegum stað í hverjum vinnusal.

#### 10. gr.

Á áberandi stað í hverjum vinnusal skal vera spjald, sem varar menn við kolsýrlingseitrun, svo og hvað gera beri, ef menn verða fyrir slíkri eitrun. Lætur vinnueftirlitið í té slíkt spjald endurgjaldslaust. Kassa með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum til bráðabirgðahjálpar skal hafa á aðgengilegum stað á hverju bifreiðaverkstæði.

#### 11. gr.

Bifreiðaverkstæði, sem til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, þurfa ekki að hlíta ákvæðum hennar varðandi hollustuhætti og þá sérstaklega að þ ví er varðar frárennsli á gólfum og vinnugryfjum loftræstibúnað og frágang dýra og hurða, enda verði slíku ekki komið við án mikils tilkostnaðar eða vegna annarra örðugleika. Í slíkum tilfellum skulu eigandi verkstæðis eða fulltrúi hans, öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður ráðgast um lausn málsins, og skal þ á leitast við að finna hagkvæmustu leið til að bæta úr þ ví, sem kann að þykja ábótavant.

---

## Einelti og kynferðisleg áreitni

Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum **nr. 1009/2015** er kynferðisleg áreitni skilgreind sem einn þáttur eineltis á vinnustað. Atvinnurekendum er síðan skylt á grundvelli **laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla** að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað.

### Hvað er einelti

**Einelti** er skilgreint sem síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta.

Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

### Hvað er kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða

móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Sjá nánar bæklinginn "**Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum**" á vef ASÍ.

## **Skyldur atvinnurekanda**

Atvinnurekanda ber að skipuleggja vinnu þannig að dregið sé úr hættu á að þær aðstæður skapist í vinnuumhverfi sem leitt geti til eineltis eða annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi.

Atvinnurekanda ber að gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað. Honum ber skylda til að láta slíka háttsemi á vinnustað ekki viðgangast og skal hann leitast við að koma í veg fyrir ótilhlýðilega háttsemi sem hann fær vitneskju um, í samráði við vinnuverndarfulltrúa á vinnustaðnum þegar við á.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem felur í sér almennt áhættumat og áætlun um forvarnir. Við gerð áhættumatsins skal meðal annars meta aðstæður í vinnuumhverfinu sem geta leitt til eineltis. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til að draga úr eða koma í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp á vinnustaðnum. Atvinnurekandinn skal hafa samráð við vinnuverndarfulltrúa við gerð áhættumats og áætlun um forvarnir.

Atvinnurekanda ber að gæta málefnaþegra sjónarmiða við úrlausn mála sem varða kynferðislega áreitni á vinnustað. Sá sem ranglega er sakaður er um áreitni kann að eiga skaðabótarétt skv. almennum reglum takist honum að færa sönnur á skilyrði bótaskyldu og á það bæði við um fjártjón og miska.

## **Tilkynning þolenda**

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það. Skal starfsmaðurinn vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar ef ástæða þykir til.

Komi fram ábending eða kvörtun um einelti eða áreiti á vinnustað ber atvinnurekanda að bregðast við eins fljótt og kostur er. Hið sama gildir þegar rökstuddur grunur er um að einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsmanna eða stjórnenda eigi sér stað innan vinnustaðarins. Meta skal aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, utanaðkomandi ráðgjafa, ef með þarf, og aðra er málið varðar. Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum.

## **Réttarvernd þess sem verður fyrir kynferðislegri áreitni**

Ef yfirmaður er kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði kæranda á meðan rannsókn málsins stendur yfir og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða

kæranda. Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. **Atvinnurekandi** skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni. Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn þessu skal **atvinnurekandi** sýna fram á að uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

## **Viðurlög**

Kynferðisleg áreitni á vinnustað getur leitt til þess að **atvinnurekandi** verði beittur viðurlögum skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla annars vegar og **lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum** hins vegar.

Lög frá alþingi

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>

# Eldhætta.

## Sprautuklefar

Sprautuklefar þar sem unnið er með eldfima grunna og lökk, skulu vera sjálfstæð brunahólf. Viðunandi loftræsting beint út á að vera í klefunum. Lampar skulu vera neistafrír og rafmótor loftpressu sprengipéttur. Ekki má nota gólfefni sem geta myndað neista.

## Hleðsla á rafgeymum

Hleðsla á rafdrifnum forklyfturum og sambærilegum tækjum á að fara fram í sérstöku herbergi afmörkuð með EI60 byggingarhlutum og EICS30 hurð. Loftræsa á herbergið á fullnægjandi hátt meðan á hleðslu stendur vegna vetnis sem myndast við hleðslu rafgeyma. Loftræsímótor skal staðsetja utan herbergis og stokks.

## Gastæki

Þar sem unnið er með gastæki skal merkja staðsetningu þeirra með gasmerki utandyra.



Suðuvinna eykur hættu á bruna. Rýmdu svæðið og hafðu slökkvitæki á staðnum.

Nauðsynlegar varúðarráðstafanir eru undir þér komnar.



Gasflöskur á verkstæðum skulu geymdar á vögnum nærri merktum útidyrum.

Gashylki eiga það til að springa í eldsvoða og eru því hættuleg.

Gas og eldfimar gufur

Þar sem unnið er með gas eða efni sem skapa eldfimar gufur, þurfa verkfæri, húsbúnaður og gólfefni að vera úr neistafríum efnum.

F- gas

Það getur orðið sprenging ef til að mynda F- gas lekur út því það þarf ekki nema neista til dæmis frá tengli eða rafmótor til að í því kvikni, verður þá mikil hita- og þrýstingsaukning í rýminu.

**Athugið: Það er nauðsynlegt að hafa gasskynjara þar sem gas er geymt/notað.**

## **Viðbragðsáætlun og þjálfun í notkun handslökkvitækja.**

Farið er yfir eldvarnir byggingarinnar og viðbrögð við eldsvoða.

Fjallað er um slökkvitæki og notkun þeirra æfð.

### **Brunavarnir byggingarinnar**

1. Flóttaleiðir
2. Brunaviðvörðun
3. Neyðarlýsing og útmerkingar
4. Slökkvikerfi
5. Reyklosun
6. Brunahólfanir

### **Mannlegi þátturinn**

1. Umgengni, viðhald og þrif
2. Opinn eldur og reykingar

## Handslökkvibúnaður

1. Kynning í kennsluaðstöðu
2. Verklegr æfing

Þáttakendur fá afhentan atriðalista daglegs eldvarnaeftirlits.

## Öryggis Búnaður.

### Val og notkun.

Öryggisskór Það er skylda að nota öryggisskó (EN 345) við öll störf utanhúss er tengjast nýframkvæmdum, viðhaldi og eftirliti einnig skal nota öryggisskó innanhús á verkstæðum og við eftirlit á búnaði . Hjálmar Það er skylda að nota hjálm við öll störf og verklegar framkvæmdir hjá , undantekning er á skrifstofu, mötuneyti, stjórnstöð, afmörkuðum svæðum í birgðageymslu og sambærilegum stöðum. Hanskar Við störf þar sem höndunum er veruleg hætta búin (raflost, bruni, skurður o.s.frv.) skal nota viðurkennda hanska sem henta verkinu. Aðrar persónuhlífar Nota skal aðrar hlífar þegar unnið er með vélar og tæki sem geta gefið frá sér efnisagnir og flísar og skal þess gætt að réttar hlífar séu notaðar hverju sinni. Heyrnarhlífar skal nota þar sem hávaði er yfir 85 db (A). Gera þarf sérstakar kröfur til starfsmanna um rétta meðferð og notkun persónuhlífa þegar unnið er með skaðleg efni, vegna þeirra áhrifa sem þau hafa á heilsu manna sé ranglega með þau farið. Starfsmönnum er gert skylt að kynna sér af gaumgæfni öryggisleiðbeiningar þegar notuð eru ætandi efni, leysiefni, rokgjörn efni svo og önnur efni. Einnig þurfa þeir að kynna sér lög og reglur þessu viðkomandi. Við notkun eldfimra efna þarf að gæta fyllstu varúðar og öryggis. Við förgun efna og geymslu verður að fara eftir viðeigandi reglum. Góð umgengni um vinnustaðinn, tæki og tól ásamt hreinlæti við vinnu eru mjög mikilvægir þættir til að koma í veg fyrir slys og óhöpp.

## **Lyftibúnaður.**

Lyftibúnaður þeim starfsmönnum sem við á skal veitt kennsla í meðferð lyftibúnaðar. Aðeins skal nota löggiltan lyftibúnað (krana, taliur, stroffur og því um líkt). Aldrei skal skilja eftir hangandi byrði, þegar farið er frá lyftibúnaði. Lyftibúnaður skal merktur með hámarkslyftigetu.